

## Eyrir Invest kynnir afkomu H1 2013

- Afkoma á fyrri árshelmingi 2013 var neikvæð um 25,4 milljónir evra til samanburðar við 18,3 milljóna evra hagnað á fyrri hluta árs 2012
- Heildareignir eru 355 milljónir evra, eigið fé er 162 m evra sem samsvarar 46% eiginfjárlutfalli
- Eyrir Invest tryggði í byrjun árs langtímafjármögnun á meginhluta skuldbindinga
- Sjóður og innstæður nema 29 m evra sem er ætlað að mæta skemmri tíma skuldbindingum. Óskað hefur verið eftir heimild Seðlabanka til að flýta uppgreiðslu erlends láns fyrir lokagjaldþaga sem er í desember. Samhliða þeirri uppgreiðslu hyggst Eyrir Invest greiða upp skráð skuldabréf.
- Kjarnaeygnir Eyrir eru með tryggða langtímafjármögnun, með x2-4 nettóskuldir á móti EBITDA.

Kjölfestueignir Eyrir eru 29% hlutur í Marel og 17% hlutur í Stork TS og Fokker Technologies. Að auki fjárfestir Eyrir í spennandi sprotafyrirtækjum og styður þau til vaxtar í gegnum fjárfestingarfélagið Eyrir sprotar slhf.

Fokker og Stork TS hafa verið rekin sem sjálfstæð félög frá upphafi þessa árs, með aðskilin rekstur og sjálfstæða lengri tíma fjármögnun. Marel er skráð á verðbréfamarkaði og er fært á markaðsgengi í reikningi Eyrir. Fokker og Stork TS eru færð í bækur Eyrir á gangvirði (fair value).

### Árni Oddur Þórðarson, forstjóri:

„Á sama tíma og við birtum óviðunandi rekstrarniðurstöðu á fyrri hluta árs, erum við bjartsýn á góða virðisaukningu í eignasafni Eyrir á komandi 2-3 árum. Okkar lykilmálög starfa öll á spennandi vaxtarmörkuðum og samkeppnisstaða þeirra er sterk.“

Rekstarafkoma Eyrir á fyrri hluta ársins, litast af lækkun á bókfærðu verði á eignarhlut okkar í Stork TS. Eignarhluturinn lækkar í verði vegna lækkun rekstrarhagnaðar á fyrsta ársfjórðungi ársins. Merki um bata í rekstri eru nú þegar sjáanleg. Ný framkvæmdastjórn kom til starfa um mitt þetta ár og hefur þegar hafið aðgerðaráætlun til að skerpa fókus, lækka kostnaðargrunn og auka arðsemi í rekstri. Samkeppnisstaða félagsins og viðskiptavinagrunnur er sterkur sem endurspeglast í 6% innri vexti á fyrri hluta árs og góðri stöðu pantanabókar.

Fokker hefur vaxið mikið síðustu ár og gengur rekstur samkvæmt áætlun. Eyrir Invest er lengri tíma fjárfestir í Marel og bindur miklar vonir við góða virðisaukningu á næstu árum.“

Sjá töflu í viðhengi.

Í febrúar jók Eyrir eigið fé með útgáfu B-hlutabréfa fyrir 16 milljónir evra. Kaupendur voru lífeyrissjóðir og fagfjárfestar. Í ársbyrjun 2013 tilkynnti Eyrir um samkomulag við viðskiptabanka sína um framlengingu á meginhluta af fjármögnun félagsins til 2015-2018.

Eyrir Invest hefur skilað góðri ávöxtun til hluthafa frá stofnun félagsins á miðju ári 2000 og reiknast innra virði hlutabréfa 14,5 evrusent á hlut um mitt ár 2013 á móti stofnverði sem var 1,4 evrusent á

hlut. Hlutabréfaverð mælt í evrum hefur á sama tímabili lækkað að meðaltali um 2% árlega á heimsvísu sem jafngildir 24% heildarlækkun á tímabilinu (MSCI World Index).

### **Horfur**

Horft fram á veginn er búist við góðum vexti og virðisaukningu í þeim atvinnugreinum sem Eyrir Invest er fjárfestir í; matvæla-, orku- og flugiðnaði. Á síðastliðnum árum hafa lykilmálög Eyrís stöðugt styrkt markaðsstöðu sína og eru vel í stakk búin til að njóta góðs af efnahagsbata á heimsvísu. Afkoma getur verið breytileg frá ári til árs.

Reykjavík, 30. ágúst 2013

Frekari upplýsingar veitir:

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyrís Invest

Sími: 525-0200

[www.eyrir.is](http://www.eyrir.is)

### **Um Eyrir Invest**

Eyrir er alþjóðlegt fjárfestingarfélag sem leggur ríka áherslu á virka þátttöku í rekstri og stefnumörkun lykileigna sinna. Kjölfestueignir Eyrís eru 29% hlutur í Marel og 17% hlutur í iðnfyrirtækjunum Stork TS og Fokker. Að auki fjárfestir Eyrir í spennandi sprotum og styður þá til vaxtar í gegnum fjárfestingarfélagið Eyrir sprotar. „Kaupa og styðja til vaxtar“ stefna Eyrís hefur skilað góðri ávöxtun frá stofnun félagsins um mitt ár 2000.

### **Athygli fjárfesta er vakin á eftirfarandi**

Sumar staðhæfingar í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu hennar. Í eðli sínu fela slíkar staðhæfingar því í sér óvissu. Við vekjum þess vegna athygli fjárfesta á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í þessari tilkynningu. Tilkynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.